

**Nd.**

**277. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Pjetri Jónssyni.

1. Við 3. gr.

a. Orðin »eða á hlutdeild í slíkri atvinnu« í 2. lið falli burt.

b. 3. liður orðist þannig:

Öll hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, svo og samlagshlutafjelög, sem heimili eiga í bænum, nema tekjuafgangi sje einungis varið til velgerðar- eða mannúðarfyrirtækja. Enn fremur framleiðslufjelög, kaupfjelög og önnur samvinnufjelög, með heimilisfangi í bænum, sem starfa til efnahagsmuna fyrir fjelagana. Stofnanir þær, er hjer eru nefndar, en ekki eru heimilisfastar í bænum, greiði skatt, ef þær ástæður eru fyrir hendi, sem

getið er í 2. lið. Umboðsmenn utanbæjarfjelaga bera einnig ábyrgð á skattgreiðslunni.

2. Við 7. gr.

a. c-liður orðist þannig:

Um þau fjelög, sem heima eiga í bænum og nefnd eru í 3. gr. 3. lið, ber að draga frá tekjunum þá upphæð, sem greidd er í arð af hlutdeildum fjelagsmanna.

b. Á eftir c-lið komi nýr liður, svo látandi:

d. Samkvæmt kröfu skattgreiðanda ber enn fremur að draga frá þann hluta teknanna, sem aflað er í öðru bæjar- eða sveitarfjelagi og hann sannar, að hann greiði af löglegt útsvar þar.

c. 6. málsgrein falli burt.

3. Við 15. gr.

Orðin »eða viðskiftaveltu sbr. 3. gr. 3, 2. málsg.« í 1. mgr. falli burt.